

Alþingi
Erindi nr. P 143/1420
komudagur 6.4.2014



Nefndarsvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. Apríl, 2014

Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga um frumvarp til laga um breytinga á ýmsum ákvæðum laga um fiskeldi ofl., mál 319.

Almennt um efni frumvarpsins

Landssamband veiðifélaga gerir alvarlega athugasemd við að frumvarp þetta var unnið án samráðs við landssambandið sem lögum samkvæmt gætir hagsmuna veiðifélaga. Landssambandið bendir á að í sjókvíaeldi við Ísland er notaður norskættaður lax sem er að mati Erfðanefndar landbúnaðarins framandi stofn í íslenskri náttúru. Villtum laxastofnum er því hættu búin af strokulöxum úr sjókvíum verði sú aukning í sjókvíaeldi sem ráðgerð er. Í greinargerð með frumvarpi þessu kemur fram að ósk um breytingar á lögum um fiskeldi var sett fram af hálfu Landssambands fiskeldisstöðva. Reynt er með frumvarpinu að mæta kröfum greinarinnar um að stytta og einfalda leyfisveitingar til að ala lax í sjókvíum. Ekki er að finna í greinargerð eða fylgiskjöllum að skortur á rekstrarleyfum standi greininni fyrir þrifum enda eru í gildi rekstrarleyfi til að framleiða 20.325 tonn af laxi ár hvert, en árframleiðslan 2013 nam aðeins 3000 tonnum.

Landssamband veiðifélaga telur brýnt að taka lög um fiskeldi nr. 71/2008 til vandaðrar heildarendurskoðunar. Núgildandi lög eru að stofni til gömul og hafa engan veginn tekið mið af þeirri þróun sem hefur orðið í fiskeldi undanfarið líkt og t.d. ný löggjöf í Noregi sem lögfest var árið 2012 gerir. Landssambandið telur að fyrirliggjandi frumvarp til breytinga á lögum um fiskeldi á þingskjal nr. 609 sé í því ásigkomulagi að slíkt kalli á að veigamiklar breytingar verði gerðar af atvinnuveganefnd. Tilefni og nauðsyn lagasetningar er sögð vera að ná fram aukinni skilvirki og hagkvæmni við leyfisveitingar og eftirlit með fiskeldi. Þrátt fyrir framangreind markmið verður ekki annað séð en frumvarpið muni skapa flækjustig milli þeirra stofnana sem málaflokkurinn heyrir undir.

Til að ná tilgreindum markmiðum leggja frumvarpshöfundar til að verkefni verði flutt milli stofnana og þá sérstaklega að Matvælastofnun yfirtaki stjórnslu og eftirlit sem Fiskistofa hefur nú. Þá verði tiltekin lögboðin verkefni Umhverfisstofnunar á sviði mengunarvarna ofl. flutt til Matvælastofnunar með sérstökum þjónustusamningi. Í þessu sambandi vill LV benda á að Umhverfisstofnun hefur bæði mannauð, þekkingu og reynslu á sviði mengunarvarna en þá innviði þarf þá væntanlega að byggja einnig upp hjá Matvælastofnun. Slíkur tvíverknaður og sóun er ekki í samræmi við markmið frumvarpsins um hagkvæmni. Landssamband veiðifélaga telur til mikilla bóta að leyfisveiting i til þaulelds á laxi verði alfarið á hendi Umhverfisstofnunar. Bent skal á í því sambandi að heimild heilbrigðisnefnda sveitarfélaga til að gefa út starfsleyfi til að framleiða > 200 t af laxi í sjókvíum á ári byggir á heimild í reglugerð nr. 785/1999. Með breytingu á reglugerðinni má því auðveldlega ná þessu markmiði.

Umhverfismál í fiskeldi verða stöðugt mikilvægari. Fiskeldisiðnaðurinn víða um heim hefur ofboðið umhverfi sínu. Mengun og sjúkdómar hafa leitt til gjaldþrota fiskeldisfyrirtækjanna og laxveiðiar víða orðið fyrir miklum skaða. Má í þessu sambandi nefna alvarlegt ástand umhverfismála í Noregi og endurtekin fjöldagjaldþrot laxeldisfyrirtækja í Færeyjum, Síle og víðar.

Landssambandið bendir á að Fiskistofa fer lögum samkvæmt með stjórnslu er varðar nýttar veiða í hafi, ám og vötnum. Stjórnslu og eftirlit með laxeldi fellur því einkar vel að öðrum verkefnum stofnunarinnar og girðir fyrir árekstur við önnur lög sem lúta að nýtingu og verndun umhverfis laxastofna.

Um einstakar greinar frumvarpsins

Um 2. gr.

Engin rök hníga að því að Matvælastofnun skuli fara með stjórnslu og eftirlit í fiskeldi. Matvælastofnun skortir sérþekkingu til að sinna þessu verkefni. Þá skal á það bent að Matvælastofnun er í viðskiptum við fiskeldisiðnaðinn en stofnunin selur þjónustu dýralækna í fiskisjúkdómum og því er það andstætt reglum um opinbera stjórnslu að stofnunin hafi stjórnslu á hendi gagnvart viðskiptavinum sínum. Má á það benda í þessu sambandi að embætti Veiðimálastjóra var skilið frá Veiðimálastofnun af þessum sömu sökum.

Lagt er til að 2. grein frumvarpsins falli brott og viðhlítandi breytingar verði gerðar á öllum frumvarpsgreinum. Vísast til þess varðandi einstakar greinar frumvarpsins.

Um 3. gr.

Hér er mælt fyrir um að Matvælastofnun móttaki umsóknir um starfsleyfi og rekstrarleyfi í fiskeldi, og síðan áframsendi starfsleyfisumsókn til Umhverfisstofnunar til meðferðar skv. lögum nr.7/1998. Er svo ráðgert að Matvælastofnun afhendi umsækjanda starfsleyfi og rekstrarleyfi samtímis. Í greinargerð er þetta fyrirkomulag talið einfalda umsóknarferlið þannig að umsækjandi eigi aðeins í samskiptum við eina stofnun. Landssamband Veiðifélaga vekur athygli atvinnuveganefndar á að skýr fyrirmæli eru um hvernig Umhverfisstofnun skuli haga málsmeðferð við útgáfu starfsleyfa í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1988. 6. gr. . Með frumvarpi þessu er ekki gerð breyting á þeim lögum. Augljóst er að sú málsmeðferð við útgáfu starfsleyfa sem mælt er fyrir um í 3 gr. frumvarpsins fer í bága við fyrirmæli 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir . Einnig er með öllu óljóst hvernig þær stofnanir sem koma að leyfisveitingaferlinu eiga að haga samskiptum sín á milli og við umsækjanda og aðra sem kunna að vilja gera athugasemdir við starfsleyfi í umsóknarferli. Þá telur Landssambandið að ákvæði um að afgreiða skuli starfsleyfi og rekstrarleyfi innan 6 mánaða fráleitt miðað við umfang mála og ekki í samræmi við megin sjónarmið um vandaða málsmeðferð. Einnig ber að hafa í huga að sú ráðstöfun að hefja vinnu við útgáfu rekstrarleyfis áður en fyrir liggur að starfsleyfi verði gefið út getur leitt til sóunar vinnu og fjármuna, verði umsókn um starfsleyfi synjað. Eðlilegt og nauðsynlegt verður að telja að starfsleyfi liggi fyrir áður en kostnaðarsöm vinna er hafin við afgreiðslu umsóknar um rekstrarleyfi.

Lagt er til að greinin falli brott.

Um 4. gr.

Landssamband veiðifélaga leggur áherslu á að fram fari umhverfismat áður en gefið er út rekstrarleyfi til fiskeldis á nýju sjókvíaeldissvæði. Þannig verði allt þauleldi á laxi í sjókvíum tilkynningarskilt í samræmi við lög nr. 106/2000, viðauka I. Er það í samræmi við gildandi reglur í Noregi. Lagt er til að 4. gr. frumvarpsins taki svofelldum breytingum.: 2. mgr. 7. gr. laganna orðist svo: Áður en leyfi er gefið út skv. 1. mgr. skal liggja fyrir skýrsla um umhverfismat. Gerð umhverfismats fari eftir gildandi fiskeldisstaðli. Þá skal Fiskistofa meta osfrv.

Um 6. gr.

Landsamband Veiðifélaga leggur áherslu á að leidd verði í lög viðmið um alla þætti fiskeldis sem byggja á besta fiskeldisstaðli á hverjum tíma. Þetta viðmið er í dag að finna í norska fiskeldisstaðlinum NS 9415:2009. Þegar fiskeldisstaðall hefur verið leiddur í lög fer öll málsmeðferð, rannsóknir, vottun fljótandi fiskeldismannvirkja, öryggismál og eldistækni, umhverfismat osfrv. eftir því sem þar er mælt fyrir um. Fiskeldisstaðall er nauðsynlegt verkfæri fyrir opinberar stofnanir sem lögum samkvæmt fjalla um leyfisveitingar og matskýrslur svo tryggja megi að besta þekking og fagleg vinnubrögð verði ávallt í fyrirrúmi.

Lagt er til að greinin falli brott.

Um 7. gr.

Lagt er til að a. liður orðist svo: Við 2. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Í rekstrarleyfi skal kveðið á um skyldu til erfðamerkinga eða örmerkinga laxaseiða þannig að hægt sé að rekja uppruna strokulaxa úr eldiskvíum til ákveðinna eldisstöðva. Að öðru leyti er lagt til, með vísan til þess sem segir um 6. gr., að önnur ákvæði 7 gr. falli brott.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að Matvælastofnun annist tiltekið eftirlit Umhverfisstofnunar. Gerð er tillaga um að draga úr vægi Umhverfisstofnunar í eftirliti sem er mjög mikilvægt fyrir fiskeldissvæðin og villta laxastofna. Lögð er til mjög óvenjuleg tilhögun og varhugaverð og getur vart talist eðlileg stjórnskipan.

Málslíður c. Um nýja málsgrein falli brott.

Um 9. gr.

Trygging

Til viðbótar 2. málsgreinar komi: tjón á veiðihlunnindum. Lagt er til að málsgreinin verði svohljóðandi: Til tjóns getur m.a. talist tjón á veiðihlunnindum, kostnaður sem kann osfrv.

Þá er einnig lagt til að við greinina bætist eftirfarandi setning:

Eftir þann tíma fellur öll framangreind ábyrgð á ríkissjóð.

Um 11. gr.

Landssamband veiðifélaga leggur þunga áherslu á að ekki verði sett í lög heimild til flutnings eldistegunda milli fiskeldisstöðva sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi viðkomandi stöðvar. Áform um slíkt eiga að kalla á útgáfu á nýju rekstrarleyfi í samræmi við málsmeðferðarreglur laganna.

Greinin falli brott.

Um 12. gr.

Landssamband veiðifélaga telur fráleitt að stofna til þess sem nefnt er umhverfissjóður sjókvíaeldis. Fyrir hið fyrsta liggur nú fyrir Alþingi frumvarp um tekjustofna ríkissjóðs mál nr. 588 sem ætlað er að afnema markaða tekjustofna ríkissjóðs. Landssambandið telur eðlilegra að mælt sé fyrir um heimild í lögum til gjaldtöku af sjókvíaeldi til að mæta kostnaði. Af því kapphlaupi sem nú á sér stað milli eldisfyrirtækja um eldissvæði má ráða að um takamarkaða auðlind er að ræða. Því er eðlilegt aðatvinnugreinin greiði auðlindagjald sem standi a.m.k. undir öllum kostnaði sem hið opinbera hefur af þessari starfsemi, s.s. grunnrannsóknunum, umhverfisvöktun ofl. Fordæmi fyrir slíku má finna þegar auðlindagjald var upphaflega lagt á í sjávarútvegi.

Eðlilegt er að auðlindagjald í sjókvíaeldi verði með tvennum hætti:

1. Árlegt gjald á rekstrarleyfi eftir að það hefur verið gefið út. Sú ráðstöfun mun girða fyrir aðstöðubrask með eldisleyfi, endi verði sett ákvæði í lög um að starfsleyfi falli úr gildi verði ekki sótt um rekstrarleyfi innan 8 vikna frá útgáfu þess.
2. Árlegt gjald á hvert framleitt tonn.

Áhersluatriði LV í nýrri löggjöf

Landssamband veiðifélaga telur að leita eigi fyrirmyndar við heildarendurskoðun laga nr. 71/2008 í nýlegri norski fiskeldislöggjöf frá árinu 2012. Þá telur LV að eftirfarandi atriði þurfi að koma fram í nýrri löggjöf um fiskeldi:

1. Leidd verði í lög viðmið sem ætíð byggi á bestu stöðlum um fiskeldi hverju sinni. (NS 9415)
2. Samgöngustofa (Siglingastofnun) hafi með höndum vottun og eftirlit fljótandi fiskeldismannvirkja og gefi út/ afturkalli hafskírteini slíkra mannvirkja.
3. Verklagsreglur um eftirlit með fiskeldi og mannvirkjum verði staðfestar af ráðherra.
4. Allt þaueldi á laxi í sjókvíum verði tilkynningaskyldt skv. viðauka I. í lögum 106/2000.
5. Kveðið verði á um notkun geldstofna í laxeldi sbr. norska löggjöf.
6. Nefnd hagsmunaðila og opinberra aðila fylgi eftir þáttum 1-3

F.h Landssambands veiðifélaga

Óðinn Sigbórsson formaður

Fylgiskjöl

<http://www.regjeringen.no/nb/dep/nfd/dok/regpubl/prop/2012-2013/prop-103-l-20122013.html?id=720309>

http://www.angling.is/Files/Skra_0066152.pdf